



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 11. júní 2015, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 17:00 í Fellsborg.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Eva Dögg Bergþórsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Vigdís Ó. Ómarsdóttir, Elín Rafnsdóttir

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri, Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri, Sonja Dröfn Helgadóttir, fulltrúi starfsmanna og Sigurlaug Lára Ingimundardóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Þorgerður Anna Arnardóttir, leikskólastjóri. Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, fulltrúi foreldra.

Aðrir: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, Harpa Hermannsdóttir, fræðslustjóri

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fundargerð 17. 12. 2014

Fundargerð var lögð fram til áritunar.

2. Grunnskólinn:

a. Skýrsla skólastjóra

Vera Ósk Valgarðsdóttir kynnti skýrslu skólastjóra fyrir skólaárið 2014-2015. Nemendur voru 96 á árinu en auk þess var einn erlendur nemandi við skólann hluta vetrar. Farið var lauslega yfir starf vetrarins og áherslubreytingar sem gerðar hafa verið við kennslu og aðbúnað starfsfólks og nemenda.

b. Fundargerð skólaráðs

Fundargerðin var til kynningar. Umræða var um opnun á skólanum undir þessum lið. Fundargerð var samþykkt samhljóða.

c. Skóladagatal

Breytingar á skóladagatali væru ræddar, sérstaklega var bent á aukningu skóladaga úr 175 í 180 daga. Þá var farið yfir fasta punkta í skólastarfinu á komandi skólaári. Rætt var um að skipulag Elínborgardagsins mætti endurskoða m.t.t. þeirra nemenda sem þurfa að fara langa leið til að sækja viðburði. Skóladagatal var staðfest.



d. Starfsmannamál næsta skólaárs

Breytingar sem verða á starfsmannamálum voru ræddar og áætlanir um fyrirkomulag á kennslu lauslega kynntar.

e. Önnur mál

Umbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra mats á skólanum árið 2014 var rædd og lögð fram skýrsla skólustjóra um framgang við endurbætur og áætlanir um frekari úbætur til kynningar. Skýrsla þessi var send Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

3. Leikskólinn

a. Skýrsla leikskólustjórna

Þorgerður Anna Arnardóttir fór yfir starf vetrarins og innleiðingu Hjallastefnunnar á Barnabóli. Við skólann voru 36 nemendur, veturinn 2014-2015.

b. Skóladagatal

Lagt var fram skóladagatal leikskólans og einstakir fastir þættir ræddir. Skóladagatal var staðfest.

c. Önnur mál

Umræða um aldarafmæli kosningaréttar kvenna 19. júní var tekin. Allir skólar Hjallastefnunnar munu koma til með að loka eftir hádegi þann dag.

4. Önnur mál

Sveitarstjóri tók til máls undir þessum lið og fjallaði um dreifnám á skólaárinu 2015-2016.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00

Péturína L. Jakobsdóttir

Eva Dögg Bergþórsdóttir

Hafðís Ásgeirsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Vigdís Ó. Ómarsdóttir

Elín Rafnsdóttir

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Guðjón Sigurðsson



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Sonja Dröfn Helgadóttir

Sigurlaug L. Ingimundardóttir

Þorgerður Anna Arnardóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir

Magnús B. Jónsson

Harpa Hermannsdóttir